

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 25. júlí 2007 – 30. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Spiderman

Bjargar ekki alltaf málunum



Íslenskir lögfræðingar Leysa landfestarnar



Sævar seldur Strákarnir taka við



4

8-9

12



Gróðinn ekki öllum gefinn

Ekki er víst að seljanleiki hlutabréfa skráðra félaga aukist við samruna kauphalla, þrátt fyrir að markaðir stækki og mögulegum fjárfestum fjölgi. Til þessa benda niðurstöður rannsóknar doktorsnemans Úlfs Viðars Níelssonar á áhrifum samruna Euronext-kauphallanna á seljanleika hlutabréfa skráðra félaga.

Niðurstöðurnar sýna að seljanleiki stórra fyrirtækja, og félaga með starfsemi erlendis eða erlendar eignir, jókst við samruna Euronext-kauphallanna. Það gerði hins vegar ekki seljanleiki lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem eingöngu starfa á heima-markaði.

Úlf segir ekki ástæða til að ætla að áhrifin séu önnur á fyrirtæki innan OMX-kauphallanna. „Ég áætla að stærstu íslensku félögin og þau með erlenda starfsemi hagnist á samruninum við OMX. Ég sé hins vegar ekki fyrir mér að hin geri það sérstaklega.“

Úlf hlaut fyrir í þessum mánuði Josséph de la Vega verðlaunin, viðurkenningu Samtaka evrópskra verðbréfamarkaða, fyrir doktorsverkefni sitt.

- hhs / sjá síðu 14

FRÉTTIR VIKUNNAR

Undir væntingum | Hagnaður OMX á öðrum ársfjórðungi var undir væntingum markaðsaðila þrátt fyrir að hafa aukist um 53 prósent. Nam hann um 2,75 milljörðum íslenskra króna.

Bíta ekki | Stýrivaxtahækkunar Seðlabanka Íslands bita ekki vegna verðtryggðra lána, kaupmáttaraukningar og sterkrar krónu. Þetta kemur fram í nýrri hagspá greiningardeildar Kaupþings.

SPRON hækkar | Markaðsvirði SPRON hækkaði um tæpa 30 milljarða miðað við viðskipti á stofnfjármarkaði SPRON daginn eftir að tilkynnt var um hlutafélagavæðingu og markaðsskráningu sjóðsins.

Dreifa Íslandsvatni | Anheuser-Busch verður aðaldreifingaraðili Icelandic Glacial vatns í Bandaríkjunum og eignast tuttugu prósent í Icelandic Water Holdings, samkvæmt nýjum samningi fyrirtækjanna.



Framlengja tilboð | Tilboð Stilla eignarhaldsfélags annars vegar og Eyjamanna ehf. hins vegar í Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum hafa verið framlengd til mánuðagsins 20. ágúst klukkan fjögur.

Útrásar vænst | 54 prósent stjórnenda í stærri íslenskum fyrirtækjum telja líkur á því að viðkomandi fyrirtæki komi að yfirtöku eða samruna á næstu tólf mánuðum samkvæmt nýrri könnun Landsbankans.

Kaupa fréttaveitu | Baugur og meðfjárfestar hafa keypt bandarísku fréttaveituna NewsEdge sem sérhæfir sig í miðlun fjármálafréttu og -upplýsinga til stórfyrirtækja, banka og annarra fjármálastofnana.

AAT selt að fullu til Arctic Partners

Meirihlutaeigendur Avion Aircraft Trading eiga í viðræðum við Eimskip um kaup á 49 prósentu eignarhlut fyrirtækisins sem eftir stóð. Kaupréttur var á 32 milljónir dala.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Arctic Partners ehf., sem í október í fyrra keypti 51 prósent hlut í Avion Aircraft Trading (AAT), ætlar að kaupa 49 prósentin sem eftir standa af fyrirtækinu af Hf. Eimskipafélagi Íslands. Eimskip hefur ákveðið að selja frá sér allan flugtengdan rekstur og einbeita sér að fraktflutningum á sjó og landi.

Að Arctic Partners standa Hafþór Hafsteinsson, starfandi stjórnarformaður AAT, en hann er jafnframt fyrrum forstjóri flugflutningasviðs Avion Group; Arngrímur Jóhannsson, stofnandi Air Atlanta; og svo aðrir fjárfestar og stjórnendur AAT. Við kaupin á 49 prósentunum eykst eignarhlutur hvers og eins í samræmi við fyrri eign. Fer þá Hafþór með tæp 46 prósent og Arngrímur með rúm 39 prósent og aðrir fjárfestar með um 15 prósent. Í ársskýrslu Eimskipafélagsins kemur fram að Arctic Partners hafi verið frjálst að kaupa hlutinn sem eftir stóð á sem nemur 32 milljónir Bandaríkjadala.

Hafþór segir ólíklegt að AAT verði skráð á markaði enda reksturinn bæði sérhæfður og sveiflukenndur. „En við útlökum hins vegar ekki að inn í félagið komi fjárfestar,“ segir hann og kveðst finna fyrir þó nokkrum áhuga. Áhersla fyrirtæk-

isins verður áfram á kaup, sölu og leigu fraktflugvéla, ekki standi til að fara í flugrekstur af neinu tagi. Hann segir vel ganga í rekstrinum, en fyrirtækið sé til dæmis í þann mund að ljúka sölu á átta nýjum Boeing 777-200LRF fraktvélum til stórs flugfélags í Evrópu. Vélarnar verða afhentar frá framleiðanda fjórar árið 2009 og fjórar 2010. „Við getum því miður ekki upplýst strax hver kaupir vélarnar,“ segir Hafþór en kveður þó búið að skrifa undir viljayfirlýsingu og fá greitt inn á söluna. „Nokkuð öruggt er því að af þessu verður.“

Avion Aircraft Trading var stofnað snemma árs árið 2005 sem afkomueining innan Avion Group, sem nú er orðið Eimskip. Hjá fyrirtækinu starfa fimm í fullu starfi og tveir í hlutastarfi erlendis. Þótt yfirbyggingin sé ekki mikil er reksturinn umsvifamikill og um háar fjárhæðir að tefla. Ein Boeing 777-200 fraktþota kostar milli þrettán og fjórtán milljarða króna að listaverði og því ljóst að ekki er um neinn smásamning að ræða að selja átta slíkar vélar. Hafþór segir enda að fyrirtækið upplýsi Seðlabankann um hvað sé í spilunum hverju sinni svo að bankinn geti ráð fyrir starfsemi sinni í hagspám sínum, en þotukaup eru af þeirri stærðargráðu að þau hafa áhrif í mælingum á viðskiptahalla hverju sinni. **Sjá einnig síðu 6**

Fagna frumkvæði SPRON

Hlutfjáræðing og skráning í Kauphöll er markmið stjórnar Byrs sparísjóðs.

„Þetta eru stórtíðindi í sparísjóðaheiminum,“ segir Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs, um þau áform SPRON að breytast í hlutafélag. Hann segir engum vafa undirorpið að stjórnendur sjóðsins hafi það á stefnuskránni að fara sömu leið og SPRON, enda standi allar dyr opnar með því að breyta sparísjóði í hlutafélag. Hlutfjáræðing og skráning Byrs í Kauphöll eru því markmið stjórnar Byrs að sögn Jóns Þorsteins en ekkert liggur fyrir um tímasetningar í þeim efnum.

Jón Þorsteinn segir að hf. sé það rekstrarform sem henti fyrirtækjum hvað best. En til þess að svo megi verða verði fyrst að auka eigið fé í gegnum stofnfjárútgáfu en viðtækar heimildir eru í samþykktum Byrs fyrir slíkra aukningu.

Jón Þorsteinn telur að núverandi rekstrarform sparísjóða hamli öllum vexti. „Eins og staðan er núna er eina leið okkar til að stækka sú að nuddast í öðrum sparísjóðum.“

Geirmundur Kristinsson, sparísjóðsstjóri SpKef, fagna

ar þessu frumkvæði stjórnenda SPRON og telur þá hugsanlega varða leiðina fyrir aðra sparísjóði. Hann rifjar upp að SpKef, sem er þriðji stærsti sparísjóðurinn, hafi verið kominn langt í þá átt að breyta rekstrarformi sparísjóðsins í hlutafélag áður en lögum um sparísjóði var breytt fyrir á öldinni. „Vafalaust horfa flestir á þessa leið sem þá fýsilegustu, sérstaklega út frá lagalegu umhverfi.“

Geirmundur telur þó að mikið verk sé óunnið í því að sameina sparísjóði. **- epa**

TrackWell
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 14,7%*

GBP 6,1%*

DKK 5,1%*

USD 5,3%*

EUR 5,1%*

CAD 4,7%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. júní – 30. júní 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis	0,00%	34,69%
Atorka	10,07%	48,67%
Bakkavör	-0,42%	13,44%
Exista	1,65%	77,56%
FL Group	0,17%	17,65%
Glitnir	4,76%	32,19%
Eimskipafélagið	1,00%	23,39%
Icelandair	-1,63%	9,60%
Kaupþing	3,15%	51,72%
Landsbankinn	2,00%	53,96%
Mosaic Fashions	0,00%	11,11%
Straumur	1,10%	31,61%
Teymi	-1,57%	4,07%
Össur	4,69%	-1,33%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánuðaginn

Kaupþingi spáð um tuttugu milljarða króna hagnaði

Kaupþing birtir sex mánaða uppgjör fyrir opnun markaða í dag. Miðað við spár sex markaðsaðila, tveggja innlendra og fjögurra erlendra, varð meðaltalshagnaður bankans 20.886 milljónir króna á síðasta ársfjórðungi. Til samanburðar hagnaðist Kaupþing um rúma þrettán milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Sérfræðingar Landsbankans, sem eru bjartsýnastir á afkomu Kaupþings, spá því að bank-

FIMM BESTU ÁRSFJÓRÐUNGAR KAUPÞINGS

3. ársfj. 2006	35.533
2. ársfj. 2007	20.886*
1. ársfj. 2007	20.694
1. ársfj. 2006	19.593
4. ársfj. 2006	18.640

* Meðaltalsspá sex markaðsaðila. Tölur í þús. milljónum

inn komi með um 24,3 milljarða króna í hús en lægsta spáin

hljóðar upp á 18,4 milljarða.

Kaupþing skilaði um 20,7 milljarða króna hagnaði á fyrsta ársfjórðungi, sem var sá annar besti í sögu bankans. Gangi meðaltalsspáin eftir hefur bankinn því hagnast yfir 41 milljarð á árinu.

Samkvæmt spánum er grunnrekstur bankans á blússandi siglingu, það er hagnaður af hreinum vaxtatekjum og þóknunartekjum.

Stjórnendur stórir í Eik

Tveir af helstu stjórnendum Eik Banka eiga stóran hlut í bankanum samkvæmt frétt Vinnuvitunnar í Færeyjum. Frithleif Olsen stjórnarformaður heldur utan um 20 þúsund hluti í gegnum eignarhaldsfélag sem eru metnir á jafnvirði 162 milljóna íslenskra króna.

Forstjórinn Marner Jacobsen á 16.075 hluti sem eru um 130 milljóna króna virði.

Eik Banki er metinn á 65 milljarða króna miðað við viðskipti í Kauphöll Íslands í gær en hefur hækkað lítið eftir skráningu. - eþa

Glitnir mælir með kaupum í Glitni

Greiningin styðst við sömu upplýsingar og aðrir.

Greining Glitnis spáir fyrir afkomu Glitnis í afkomuspá fyrir annan ársfjórðung og mælir jafnframt með kaupum í bankanum. Þetta er í fyrsta skipti hérlendis sem greiningardeild banka fer út á þessar brautir.

Ingólfur H. Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis, segir að þetta fyrirkomulag sé vel þekkt í bankaheiminum og hafa menn farið tvær leiðir. Sumir birta afkomuspár um vinnuveitanda sinn en fara ekki fram með beinhardar ráðleggingar. „Við tókum í rauninni bæði þessi skref, tókum spána og förum fram með beinharda ráðleggingu á bankanum.“

Greiningin býst við að Glitnir hafi hagnast um 8.538 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi og mælir auk þess með því að fjárfestar kaupir bréf í Glitni en markgengi til sex mánaða er 32 krónur á hlutinn.

Ingólfur segir að það sem vaki fyrir sé fyrst og fremst aukin þjónusta við kúnna bankans, þar með talið erlenda aðila sem kallað



INGÓLFUR H. BENDER

hafi á greiningar á bankanum sem hafa verið af skornum skammti. Hafa þeir tekið þessu framtaki vel.

Ingólfur gerir sér grein fyrir að menn hér heima geti verið vantrúaðir á þennan leik við fyrstu sýn sökum hagsmunatengsla. Hann bendir þó á að greiningardeildin hafi verið óhrædd í gegnum tíðina að segja skoðanir sínar á hluthöfum sínum, viðskiptavinum bankans, félögum tengdum stærstu hluthöfum og samkeppnisaðilum.

Spurður hvort bankinn geti verið óháður sínum greiningum segir Ingólfur að sérfræðingar greiningarinnar hafi ekki aðgang að upplýsingum um starfsemi bankans, aðrar en þær sem séu opinberar. „Við höfum allt undir okkar trúverðugleika í þessu eins og öðru og myndum aldrei fara á svig við það. Við viljum einfaldlega gefa kúnum okkar bestu fánlegu ráðleggingarnar um tækifærin á markaðnum.“ - eþa

Spá 3,7 prósentu verðbólgu

Tólf mánaða verðbólga lækkar um 0,1 prósentustig og verður 3,7 prósent í ágúst, gangi spá Greiningardeildar Landsbankans eftir. Samkvæmt henni mun vísitala neysliverðs hækka um 0,3 prósent og vísitala neysliverðs standa í 273,8 stigum.

Í júlí gætir enn einhverra útsöluáhrifa á fatnaði og skóm. Þau eru þó minni en í síðustu mælingu greiningardeildarinnar. Að öðru

leyti er reiknað með því að aðrir liðir hækki eða standi í stað.

Greiningardeildin telur hluta hækkunar vegna tæplega tíu prósentu hækkunar launa undanfarið ár ekki að fullu kominn inn í vöruverð. Hátt gengi undanfarna mánaða hafi vegið á móti þrýstingi til hækkunar.

Hagstofan birtir vísitölu neysliverðs fyrir ágúst mánuð hinn 13. ágúst. - hhs

Ávöxtun skuldavafninga rýrnar aðeins

Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Aska Capital, neitar háværum sögusögnum um stórtap í Bandaríkjunum. Fjárfestingasjóðurinn Bear Stearns tapar hins vegar miklu.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Aska Capital, vísar alfarið á bug sögusögnum í bankaheiminum um að Askar hafi tapað nálægt 160 milljónum Bandaríkjadala á svokölluðum „supreme“ markaði í Bandaríkjunum.

Greint hefur verið frá því í erlendum miðlum að bandarískur risafjárfestingasjóður að nafni Bear Stearns hafi glatað nær allri fjárfestingu sinni í tveimur sjóðum sem byggja að stærstum hluta á áhættusömum fasteignalánum þar sem verslað er með baktryggða skuldapappír.

Askar Capital hafa átt í samstarfi við Bear Stearns og virðist sem fregnir af gengi sjóðsins vestra hafi að hluta verið yfirfærðar á fjárfestingar Aska á sviði CDO fjárfestinga, eða skuldavafninga, annars vegar vafningur að nafni CLO og hins vegar Synthetic ABS CDO.

„Staðreyndin er að við erum búin að fjárfesta sem nálægt 100 milljónum dala í það það sem kallað er „structural products“ en undir það falla CDO, CLO og svokallaðar „mortgage residuals“. Þetta eru fjórar mismunandi fjárfestingar. Tvær eru CLO sem byggja á lánnum fyrirtækja, annað í Bandaríkjunum og hitt í Evrópu. Síðan gerum við „mortgage residuals“ fjárfestinguna með Bear Stearns, en hún byggir á veðsetningu á hluta af íbúðamarkaði í Bandaríkjunum, því sem kalla mætti betri hluta íbúðamarkaðarins þar. Síðan er fjórða fyrirbærð, CDO, þar sem um 15 prósent byggja á eignum á „supreme“ markaðnum í Bandaríkjunum, en það er hann sem á í vandræðum núna,“ segir Tryggvi.

Askar Capital fær engu að síður ágæta ávöxtun á fjárfestingar sínar, að sögn Tryggva. „Nema að ávöxtun er ekki jafngóð og við höfðum áætlað þar sem áhrifa gætir af „supreme“ hlutanum. Samt er áætlað að ávöxtunin á þeim hluta verði í kringum



FORSVARSMENN ASKA CAPITAL Steingrímur Wernersson, varaformaður stjórnar í Öskum, Tryggvi Þór Herbertsson forstjóri og Karl Wernersson, forstjóri Milestone, kynntu stofnun og stefnu Aska Capital á fundi í desember síðastliðnum. MARKAÐURINN/GVA

20 prósent á ári í dollurum, í stað 27 prósentu ávöxtunar sem við reiknuðum upphaflega með.“ Tryggvi áréttar hins vegar að Askar Capital hafi ekki fjárfest í neinum þeim sjóðum í Bandaríkjunum sem byggja á „supreme“ markaði og að niðursveifla í þeim geira hafi ekki snert fjárfestingar Aska á nokkurn hátt „nema að árangur er ekki alveg jafngóður á CDO-in og við höfðum reiknað með“. Aukinheldur segir Tryggvi að þótt stefnt sé á fjárfestingar í flóknum fjárfestingarvörum sé áhætta í þessum geira minni en af fjárfestingum í hlutabréfum. „En hún á að gefa svipaða ávöxtun og góð hlutabréf. Þetta er mjög sniðugt þegar allt gengur upp og við vonum að það gangi eftir, en auðvitað er áhætta í þessu eins og með allar fjárfestingar.“

Tryggvi segir góðan gang í rekstri Aska Capital þótt heldur hafi dregist að fá frá Fjármálaeftirlitinu fullt bankaleyfi. „Sumt hefur gengið miklu betur en áætlanir gerðu ráð fyrir og annað hægar,“ segir hann og kveðst eiga von á því að eignastýringarleyfið skili sér á næstu vikum. „Ég hugsa að í lok árs jafni þessir hlutir hver annan upp og við verðum nokkurn veginn á áætlun.“

NÝ SÍMANÚMER
HJÁ 365 MIÐLUM

Nýtt aðalnúmer

512 5000

Þjónustuver

512 5100

365


365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.



Sparnaðarreikningar



ARGUS / 07-0599



STIGHÆKKANDI
vextir á hávaxta-
reikningum SPRON!

Frábærir vextir

– á sparnaðinn þinn!

SPRON Vaxtabót

– allt að **14,60% vextir***

Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stigvaxandi vexti eftir upphæð – auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils. Alltaf laus, engin lágmarksupphæð.

Þú getur stofnað reikning á **spron.is**

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,
í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 11. júlí 2007.

SPRON Viðbót

– allt að **7,20% vextir***

Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem er bundinn til 36 mánaða. Reikningurinn ber háa, verðtryggða vexti - auk þess stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum. Engin lágmarksinnborgun.

75 ára



Spiderman ekki nóg

Hagnaður bandaríska leikfangaframleiðandans Hasbro dróst saman á öðrum ársfjórðungi og nam 4,8 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 27,1 milljón Bandaríkjadala á sama tímabili í fyrra. Þetta varð niðurstaðan þrátt fyrir ágæta sölu á Spiderman- og Transformers-leikfangaköllum í kjölfar kvikmyndar um hasarhetjurnar.



Helsta ástæðan fyrir samdrættinum var að endurkalla varð svokallaða Easy Bake-bakarofna ætlaða börnum eftir að upp komu nokkur mál þar sem börn höfðu brennt sig á þeim. Enn eru þó bundnar vonir við að hasarhetjurnar bjargi máluum. Kvikmyndin um Transformers hefur enn ekki verið frumsýnd á nokkrum af helstu mörkuðum Hasbro. Vonast er til að salan taki góðan kipp eftir frumsýningarnar.

- lhs

Katarar vilja Sainsbury's

Breska matvörukeðjan Sainsbury's er talin kosta 1.257 milljarða króna. Íslandsvinurinn Robert Tchenguiz sagður milli steins og sleggju.

Kataríska fjárfestingafélagið Delta Two hefur gert yfirtökutilboð í bresku matvöruverslanakeðjuna Sainsbury's. Tilboðið hljóðar upp á sex hundruð bresk pens á hlut eða tæpa 1.257 milljarða íslenskra króna. Kaupin verða að fjórðungshlut fjármögnuð með eigin fé fjárfestingafélagsins, en afgangurinn verður lánsfé.



SAINSBURY'S MATVÖRUKEDJAN Katarískt fjárfestingafélag er sagt hafa boðið 1.257 milljarða króna í matvörukeðjuna. Robert Tchenguiz á fimm prósentu hlut í Sainsbury's.

Lengi hafa verið uppi getgátur um að Sainsbury's kynni að vera til sölu. Fjölmargir hluthafar hafa viljað skipta félaginu upp, þannig að fasteignir félagsins yrðu seldar og hluthöfum greitt í formi arðs. Meðal háværustu stuðningsmanna slíkra hugmynda hefur verið Robert Tchenguiz, stjórnarmaður í Exista, sem á fimm pró-

sentu hlut í Sainsbury's. Delta Two er stjórnað af Paul nokkrum Taylor, sem áður starfaði náið með Robert Tchenguiz. Taylor neitar því hins vegar alfarið að Tchenguiz eigi nokkurn hlut að máli. „Við erum vissulega alltaf að líta í kringum okkur, sérstaklega í Bretlandi. Við viljum fjárfesta til lengri tíma í fyrirtækjum sem hafa góða markaðsstöðu og hafa yfir góðum stjórnendateymum að ráða,“ sagði Taylor.

- jsk

Heimurinn undir háum hælum Barbie

Bratz sækir fast að vinsælustu dúkku heims.

Miklar vinsældir Barbie á alþjóðlegum mörkuðum settu svip sinn á afkomu leikfangaframleiðandans Mattel á öðrum ársfjórðungi að sögn FT. Sala á hinni ljóshærðu brúðu jókst um sex prósent á heimsvísu.

Hagnaður Mattel jókst um fimmtán prósent á milli ára og nam rúmum 2,5 milljörðum króna á síðasta fjórðungi. Stjórnendur félagsins, sem framleiðir einnig Fisher Price og Match



VINSÆL OG VEIT AF ÞVI Hagnaður Mattel jókst um fimmtán prósent þókk sé vinsældum Barbie á heimsvísu.

MARKAÐURINN/APP

Box, búast við að næsta ár verði mjög gott. Mattel hefur meðal annars tryggt sér réttinn á framleiðslu leikfanga í tengslum við nýja Batman- kvikmynd.

Barbie, sem er vinsælasta dúkka heimsins, er þó í harðvítugri samkeppni við Bratz og hefur sala á Barbie dregist saman um þrjú prósent í Bandaríkjunum á milli ára.

- eþa

Baugur Group til Bandaríkjanna

Heildarkaupverð á átta prósentu hlut í stórverslanakeðjunni Saks nemur fimmtán milljörðum króna. Forstjóri Baugs segir einfaldlega um stöðutöku í áhugaverðu félagi að ræða, ekkert hafi verið ákveðið um framhaldið.

Jón Skaftason
skrifar

Baugur hefur keypt 8,1 prósentu hlut í bandarísku stórverslanakeðjunni Saks. Kaupverð nemur tæplega tuttugu og tveimur Bandaríkjadöllum á hlut, og er heildarkaupverð því rétt tæpir fimmtán milljarðar íslenskra króna.

Saks er ein allra þekktasta verslanakeðja Bandaríkjanna og hefur sérhæft sig í hátískuvarningi. Rekstrinum er raunar skipt í tvennt; í Saks Fifth Avenue og aðra keðju sem selur ódýran eldri varning undir merki Saks. Saks Fifth Avenue rekur 54 verslanir víðs vegar um Bandaríkin, Flaggskipsverslunin er í hjarta New York borgar, við Fimmta breiðstræti á Manhattan.

Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, segir mikil tækifæri felast í kaupunum. Þó sé einungis um fjárfestingu að ræða, ekkert hafi verið ákveðið um framhaldið. „Þetta er áhugaverð fjárfesting á góðu verði. Við erum einfaldlega að kaupa hlutabréf líkt og við höfum margoft gert. Ég nefni Arcadia, Big Food Group og House of Fraser. Stundum hefur eitthvað meira orðið úr, en í öðrum tilvikum ekki.“

Gunnar bendir á að stærðarlega sé Saks Fifth Avenue keðjan ekki ósvipuð House of Fraser. Velta Saks nemi um þremur milljörðum Bandaríkjadala á ári, sem sé sambærilegt við House of Fraser, auk þess sem verslanafjöldi sé mjög svipaður. „Saks er náttúrulega gríðarlega spennandi nafn, sem er kannski það sem sérstaklega heillar við þessa fjárfestingu.“

Gunnar játar að Baugur horfi hýrum augum til Bandaríkjanna, en segir þó engu hafa verið slegið föstu varðandi frekari fjárfestingar. Baugur



VERSLUN SAKS VIÐ FIMMTA BREIÐSTRÆTI Flaggskipsverslun Saks við Fimmta breiðstræti er eitt staðareinkenna New York borgar. Baugur hefur keypt átta prósentu hlut í Saks-stórverslanakeðjunni.

hefur mikil umsvif í smásöluverslun og fasteignum bæði í Bretlandi og á Norðurlöndum. Má því ætla að hugsanlegar fjárfestingar í Bandaríkjunum verði í svipuðum dúr. Baugur rak á sínum tíma Bonus Dollar Stores í Bandaríkjunum, en dró sig út úr þeim rekstri þegar ljóst var að hann stóð ekki undir væntingum.

Bréf í Saks stóðu í 21,17 Bandaríkjadöllum á hlut við lokun markaða á mánudag og höfðu lækkað um tæplega 2,9 prósent þann daginn.

- jsk

Kína og Singapúr með í baráttunni

Stjórnvöld í Kína og Singapúr eru nýjustu liðsmenn Barclays banka í baráttunni milli hans og Royal Bank of Scotland (RBS) um yfirtöku á hollenska bankanum ABN Amro.

Barclays banki hækkaði á mánudag yfirtökutilboð sitt í ABN Amro. Aukið fé kemur frá fjármálafrýrtækjum í eigu stjórnvalda í Kína og Singapúr. Er talið að féð frá Kína og Singapúr gæti numið rúmum þrettán milljörðum evra.

Tilboð Barclays, sem var hækkað um 4,3 prósent, stendur nú í 67,5 milljörðum evra. Það er enn talsvert lægra en tilboð RBS upp á 71,1 milljarð. RBS hefur hins vegar í hyggju að skipta ABN



ABN AMRO Barclays banki og Royal Bank of Scotland eiga í yfirtökubaráttu um hollenska bankann ABN Amro.

Amro upp og reka sjálfstæðar einingar, ólíkt Barclays.

Í Vegvísi Landsbankans kemur fram að Barclays bindi vonir við hækkun hlutabréfa sinna til að tilboðið hækki frekar, þar sem ætlunin sé að greiða fyrir ABN Amro að stórum hluta til með hlutabréfum í bankanum.

- lhs



SÝN 2 BYRJAR 4. ÁGÚST

Þetta veldur
auðvitað miklum
tilfinningasveiflum

VERÐ FRÁ
2.368 KR.



enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

http://www.myphotos.com/sumarfrí

MY PHOTOS

Home The Tour Sign Up Explore

You aren't signed in Sign In Help


Search Tóti's photos Search

Sumarfrí í sólinni

View as slideshow (New window)


Collections Sets Tags Map Archives Favorites Profile

Toppaði Viðey!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
7 comments

Það tekur 3,5 klst. að blása upp bát




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
11 comments

Brimbrettið nýttist helst sem sólhlíf...!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
2 comments

Komið að landi með kvöldmatinn




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
1 comments

Busl og vitleysa!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
6 comments

Bærinn sem við máluðum rauðan




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
15 comments

Ég var ekkert eðlilega þreyttur daginn eftir!




© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
0 comments

Það var komin grilllykt af Danna!



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
3 comments

Sendum börnin út af örkinni!



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
12 comments

Ferðalán BYRS

- Hagstætt lán
- Lán til allt að 4 ára
- Lán allt að 500.000 kr.
- Afsláttur af lántökugjaldi fyrir aðila sem eru í Vildarþjónustu BYRS

ATH! Þú þarft ekki að vera í viðskiptum við BYR til að fá hagstæð ferðalán.

*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

Umsvif sem telja í viðskiptahalla þjóðarinnar

Avion Aircraft Trading (AAT) sendir Seðlabankanum reglulega upplýsingar um kaup og sölur félagsins. Viðskiptin eru svo umfangsmikil að bankinn þarf að gera ráð fyrir þeim í viðskiptahallaspám sínum. Óli Kristján Ármannsson komst að því í spjalli við Hafþór Hafsteinsson, starfandi stjórnarformann Avion Aircraft Trading, að þrátt fyrir mikið umfang væri yfirbygging fyrirtækisins ekki mikil. Hjá fyrirtækinu starfa fimm manns í fullu starfi og erlendis eru tveir í hlutastarfi. AAT er enn að 49 prósentum í eigu Eimskips en þann hluta er áætlað að núverandi meirihlutaeigendur kaupni innan tíðar.

Rífandi gangur er í starfsemi Avion Aircraft Trading (AAT) en fyrirtækið sérhæfir sig í kaupum og sölu fraktflugvéla og var áður hluti af Avion Group, sem nú er orðið Hf. Eimskipafélag Íslands. Þannig er AAT í þann mund að ljúka við að selja átta Boeing 777-200LRF fraktvélar til stórs flugfélags í Evrópu, fjórar sem samið var um kaup á í september 2005 og svo fjórar sem fyrirtækið nýtti sér kauprétt á í desember 2005, en þær verða þó ekki afhentar fyrr en fjórar árið 2009 og restin 2010.

„Við getum því miður ekki upplýst strax hver kaupir vélarnar,“ segir Hafþór Hafsteinsson, starfandi stjórnarformaður AAT, en verið er að leggja lokahönd á söluna. „En við erum búnir að skrifa undir viljayfirlýsingu og fá greitt inn á söluna þannig að nokkuð öruggt er að af þessu verður.“ Nokkuð gott hlýtur að teljast að ljúka jafnumfangsmikilli sölu og það áður en komið er að því að afhenda nokkra vél. „Já, svo er líka gott að geta selt allan pakkann, allar átta vélarnar, til eins aðila.“

KAUPA ÞAÐ SEM EFTIR STENDUR Félagið Arctic Partners ehf. keypti í október í fyrra 51 prósent í AAT, en að félaginu standa Hafþór, sem er fyrrum forstjóri flugflutningasviðs Avion Group með tæplega 23 prósentu hlut, Arngrímur Jóhannsson stofnandi Air Atlanta með tæplega 20 prósentu hlut og aðrir fjárfestar og stjórnendur AAT með samtals 8,5 prósentu hlut. Á næstunni er svo áætlað að Arctic Partners ljúki við að kaupa 49 prósentin sem eftir standa og eykst þá eignarhlutur hvers og eins í hlutfalli við fyrri eign. Eimskip hefur ákveðið að selja allan flugtengdan rekstur, þar með eignarhlutinn í AAT, og einbeita sér að vexti í flutningum á sjó og landi. Í ársskýrslu Eimskipafélagsins kemur fram að Arctic Partners hafi verið frjálst að kaupa hlutinn sem eftir stóð á sem nemur 32 milljónum Bandaríkjadala. Miðað við gengi dollarans, sem um þessar mundir hefur verið rétt fyrir neðan 60 krónurnar, er því líklega rétti tíminn til að kaupa.

Hafþór segir ekki líklegt að AAT verði skráð á markað enda reksturinn bæði sérhæfður og sveiflukenndur og því ef til vill erfitt fyrir almenna fjárfesta að setja sig inn í hann. „Við útlökum hins vegar ekki að inn í félagið komi fjárfestar,“ segir hann og kveðst finna fyrir þó nokkrum áhuga á fyrirtækinu. Hann segir áhersluna verða áfram á kaup, sölu og leigu flugvéla, ekki standi til að fara í flugrekstur af

neinu tagi.

AAT var hins vegar stofnað snemma árs árið 2005 sem afkomueining innan Avion Group, eins og það þá hét. Hafþór var einn við að koma starfsemiinni af stað til að byrja með en fékk síðan til liðs við sig góða menn. „Við erum fimm starfsmenn hér á Íslandi, allir með mikla reynslu í flugrekstri og kaupum og sölu á flugvélum. Davíð Másson er framkvæmdastjóri, Halldór Hafsteinsson fjármála- stjóri, Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson sér um bókhald félagsins og Valdimar Sæmundsson um tæknimál. Síðan eru tveir starfsmenn í hlutastarfi erlendis í verkefnum tengdum móttöku og afhendingu flugvéla, breytingavinnu og þess háttar.“

Þótt yfirbyggingin sé ekki mikil hjá AAT er reksturinn umsvifamikill og um háar fjárhæðir að tefla. Ein Boeing 777-200 fraktþota kostar milli þrettán og fjórtán milljarða króna að listaverði og því ljóst að ekki er um neinn smásamning að ræða að selja átta slíkar vélar. Ef til vill er því ekki að undra að Seðlabanki Íslands hafi auga með starfsemi AAT því þótt um sé að ræða færslur til og frá landinu hafa jafnveigamikil viðskipti áhrif á tölur um viðskiptahalla landsins og því mikilvægt fyrir bankann að leiðrétta fyrir þeim í hagspám sínum.

„Á þessum tveimur árum frá því félagið var stofnað erum við búnir að kaupa 36 flugvélar, þar af 16 nýjar: Boeing 777 fraktvélar, átta og á þessu ári keyptum við átta nýjar Airbus 330-200 fraktvélar.“ Tvær af nýju Airbus-vélunum hafa verið leigðar til Icelandair Cargo og tvær seldar til Icelease, dótturfélags Icelandair Group. „Seinni fjórum vélunum hefur ekki verið ráðstafað en ég á von á því að það verði gert á næstu mánuðum því eftirspurnin er mikil og áhuginn sömuleiðis,“ segir Hafþór og bætir við að þessar fjórar séu einu fraktvélar sem AAT eigi óseldar í dag.

POTUMARKAÐUR ER VAXANDI

Vélarnar sem ekki eru keyptar nýjar segir Hafþór að séu flestar stærri fraktvélar, svo sem einar 10 Boeing 747-400 þotur og fimm Airbus 300-600 vélar sem breytt hefur verið í fraktvélar. „Áherslan er á stærri fraktvélar, annað hvort tilbúnar sem slíkar eða farþega vélar sem við breytum í fraktvélar. Þarna teljum við okkur vera á réttri hillu því á þessu sviði er gert ráð fyrir mestum vexti; 6,25 prósentum á ári næstu 20 árin, á móti 4,0 til 4,5 prósentum í farþegaflugi. Á markaðnum er vöntun á stærri fraktvélum og okkur hefur gengið vel að fóta okkur í þeim við-



HAFÞÓR HAFSTEINSSON STJÓRNARFORMAÐUR AVION AIRCRAFT TRADING Við öxl Hafþórs má sjá líkan af nýjustu og eftirsóttustu stærri einkapotu heims um þessar mundir, Dassault Falcon 7X. Avion Aircraft Trading, sem einbeitir sér að kaupum og sölu fraktflugvéla, tryggði sér í „hlíðarspori“ eitt eintak af nýju þotunni. Áður hefur félagið haft milligöngu um kaup á þremur einkapotum. Enn er ófundinn kaupandi að nýju þotunni, en ljóst er að sá hinn sami mun skjóta öðrum auðmönnum ref fyrir rass í flottheitum. MARKAÐURINN/GVA

skiptum eins og dæmin sanna,“ segir Hafþór.

Að auki hafa svo verið tekin smáhliðarspor en AAT hefur einnig haft milligöngu um kaup á einkapotum til landsins. „Við höfum samtals keypt þrjár slíkar fyrir aðra, það er að segja fundið, keypt og útvegað fjármögnun fyrir íslenska aðila. Þetta er enda vaxandi markaður hér heima. Þarna höfum við keypt þrjár Bombardier Challenger-vélar og svo keyptum við eina Dassault Falcon 7X þotu sem segja má að sé gullfuglinn í þessum einkapotuflotu, en vélin var að koma á markaðinn á þessu ári. Það hafa verið pantaðar 160 svona vélar og hún uppseld fram til ársins 2012, en við gengum inn í kaup á þessari vél og fáum hana afhenta 2010,“ segir Hafþór og bætir glaðhlakalega við að hann sé því til viðtals um sölu á flottustu einkapotu landsins, með flugdrægi upp á nærri sex þúsund mílur, eða á ellefta þúsund kílómetra, því enn á eftir að finna kaupanda að þotunni. „En við ætlum nú aðeins að biða með að selja hana því eftir því sem afhendingardagur nálgast aukast vonir um góðan hagnað af endursölu vélarinnar.“ Hafþór áréttar hins vegar að við kaup á nýjum vélum, hvort heldur það er frá Boeing, Airbus eða öðrum, komi AAT snemma í kaupferlið, sé svokallaður „launch customer“,

og fái þess vegna hagstætt verð til lækkunar frá listaverði og vélar afhentar snemma. „Ef við erum seint á ferðinni minnkar hagnaðarvonin því verðið hækkar og afhending er seinni.“

VEL FER UM AAT Í GRÓFINNI

Hafþór segir mikið lagt upp úr því að dreifa áhættunni í rekstrinum enda samið um háar upphæðir í hvert sinn, jafnvel milljarða Bandaríkjadala. „Svo þegar keyptar eru nokkrar vélar í pakka kallar það á töluvert mikið eigið fé og við förum þá út á markaðinn og fáum með okkur samstarfsaðila. Airbus-kaupin eru til dæmis mjög stór og í slíkt þarf maður að hafa 20 prósent eigið fé. Hjá bönkunum fær maður fjármögnun bæði á fyrirframgreiðslu og á langtímafjármögnun eftir afhendingu kjósi maður að eiga vélina áfram, en það er ekki okkar markmið, heldur seljum við helst vélarnar með hagnaði fyrir afhendingu.“ Þannig fékk AAT bandarískan fjárfestingasjóð til samstarfs við kaupin á Airbus-vélunum átta.

Eftir tvö til þrjú ár segir Hafþór þess vænst að niðursveifla verði á flugvélamarkaði þar sem þá hafi átt sér stað nokkur metun á markaði. „Á þeim tíma stefnum við að því að vera búnir að selja sem mest af þeim vélum sem kaup eru á fram undan og vera með nokkuð hreint borð til

þess að geta nýtt okkur kaup-tækifæri í niðursveiflunni og selja síðan með góðum hagnaði í uppsveiflu.“ Hafþór segir jafnframt að áður en tekin sé ákvörðun um kaup á vélum sé sú mælistika lögð á viðskiptin að AAT fái úr þeim ávöxtun sem ekki sé undir 15 til 20 prósentum. „Sem er má segja nokkuð algeng fjárfestingarkrafa hjá fjárfestingasjóðum í dag.“

Þá fer gott orð af fyrirtækinu Avion Aircraft Trading og kveður Hafþór það skipta mjög miklu máli. „Auðvitað er ánægjulegt að greina frá því að almennt hafa Íslendingar í þessum geira og í flugrekstri gott orðspor á markaðnum, en það skiptir miklu máli bæði varðandi fjármögnun og trúverðuleika þegar kemur að því að bjóða í stærri pakka,“ segir hann og horfir bjartsýnn fram á veginn í nýjum höfuðstöðvum AAT í Grófinni 1, gömlu og sögufrægu húsi í miðbæ Reykjavíkur. „Hér má segja að við tökum eitt hlíðarsporið enn því við leigjum út skrifstofuhúsnæði sem við ekki notum,“ segir Hafþór og brosir, en stærsta hluta hússins keypti félagið í desember síðastliðnum. Innandyra hefur allt verið tekið í gegn, bjart er yfir, hátt til lofts og vítt til veggja og þótt ekki þurfi mikið pláss undir starfsemi er rými nægt fyrir stórviðskipti.

HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármálamarkaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

© Mentis 2007

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
á <http://m.mentis.is>

MARKAÐSVAKTIN
mobile

Betra verð
betra bragð



Bragðbetra í bragðprófun¹⁾

Nicorette Fruitmint Bragð sem kemur á óvart

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.



Pín ákvörðun
Pín leið
Pitt Nicorette

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótínbyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótínbyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

Íslenskir lögfræðingar leysa landfestar

Guðmundur Oddsson er forstöðumaður Lundúnaútibús lögmannsskrifstofunnar Logos og hefur verið í fararbroddi íslenskra lögfræðinga erlendis. Logos hefur undanfarin ár veitt lögfræðiráðgjöf við marga af stærstu samningum íslenskrar viðskiptasögu og komið að yfirtökum á borð við Actavis, Mosaic Fashions og West Ham United. *Jón Skaftason* spjallaði við Guðmund, sem fagtímaritið *The Lawyer* valdi á dögnum í hóp eftirtektarverðustu lögfræðinga í Lundúnaborg.

Lögmannsstofan Logos varð fyrst íslenskra stofa til að opna útibú á erlendri grundu í október árið 2005. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og íslenskir lögfræðingar, sem löngum hafa þótt heldur heimóttarlegir miðað við margar starfsstéttir, streyma nú í auknum mæli á ókunnar slóðir. Nokkur fjöldi lögfræðinga starfar í útibúum íslensku bankanna víða um heim, auk þess sem ungt fólk sækir í auknum mæli lögfræðimenntun utan landsteinanna. Íslenskir lögfræðingar hafa með öðrum orðum fetað í fótspor útrásarvíkinganna og veitt þeim þjónustu við landvinninga erlendis.

Guðmundur Oddsson, einn eigenda lögmannsstofunnar Logos, fór utan undir lok árs 2005 til að setja á laggirnar útibú í London. Í upphafi var Guðmundur einn síns liðs en nú er svo komið að átta lögfræðingar eru ráðnir á skrifstofu Logos í London.

„Við erum með fjóra íslenska lögfræðinga, þrjá breska með þarlend réttindi og einn indverskan lögfræðing sem hefur sérhæft sig í evrópskum og alþjóðlegum skattarétti,“ segir Guðmundur.

Starf Logos snýst að miklu leyti um að veita íslenskum fyrirtækjum þjónustu erlendis. Bretarnir sem vinna hjá fyrirtækinu eru með bresk málfutningsréttindi, en hinir ekki og segir Guðmundur þess raunar ekki þurfa enda snúist starfið að langmestu leyti um fyrirtækjalögfræði, þar sem málfutnings sé ekki þörf. „Við erum ekki að flytja mál fyrir dómstólum hér í Bretlandi. Það væri einfalt mál að sækja námskeið og næla sér í málfutningsréttindin, en ég persónulega hef einfaldlega ekki séð tilgang til þess enn sem komið er.“

Starfsemi Logos í London má skipta í fjóra meginþætti; aðstoð við yfirtökur íslenskra félaga erlendis, vinnu með erlendum bönkum sem hafa fjármagnað fjárfestingar íslenskra fyrirtækja erlendis, vinnu með íslenskum og erlendum aðilum að yfirtökum heima á Íslandi þegar umbjóðandinn er staddur í London og í fjórða lagi samningagerð á Íslandi þar sem þörf er erlendar lögfræðikunnáttu. „Fókusinn hjá okkur er fyrst og fremst á að hjálpa Íslendingum við yfirtökur hvar sem er í veröldinni, og síðan að þjónusta erlenda kúnna sem eru í viðskiptum við íslenska aðila. Við veitum náttúrulega enn betri þjónustu en áður með því að vera sjálfir á staðnum. Þetta hefur þó aðeins verið að teygjast út und-

anfar-
id.
Við
vinn-
um
ekki lengur
einungis fyrir Ís-
lendinga.“

Útibúið í London er rekið í samstarfi við þrjár norrænar lögmannsstofur; Vinge frá Svíþjóð, hina dönsku Kromann Reumert og Thommessen Krefting Greve Lund frá Norgegi.

STELA AF STERKUSTU STOFUNUM

Logos hefur undanfarin ár veitt ráðgjöf við marga af eftirtektarverðustu samningum íslenskrar viðskiptasögu. Mætti þar nefna nýafstaðna yfirtöku Novator á Actavis, væntanlega yfirtöku Baugs á Mosaic Fashions auk kaupa íslenskra fjárfesta á breska knattspyrnuliðinu West Ham. Kúnnahópurinn hljómar eins og upptalning á helstu hvatamönnum íslensku útrásarinnar; Baugur, Novator, Kaupþing, Marel, Icelandic Group, FL Group og svo mætti áfram telja.

Guðmundur segir lögfræðinga Logos hafa öðlast víðtæka reynslu við að taka þátt í viðskiptalífínu á Íslandi, sem á undanförunum árum hafi orðið æ alþjóðlegra. „Eins og á við um sjálfan mig þá er okkar fólk alið upp á Logos ef svo má segja og hefur sjóast í að taka þátt í stærri og minni yfirtökum og fjármögnunum. Bretarnir sem við höfum fengið inn eru síðan allir reynslumiklir. Við höfum haldið fast í þá stefnu að taka aðeins inn rjómann af því sem býðst og höfum náð að stela

starfs-
fólki
af sterkustu
stofunum hérna.“

Fjölgun starfsmanna segir raunar margt um þann mikla vöxt sem útibúið hefur gengið gegnum á þessum tæpu tveimur árum sem liðin eru. Guðmundur segist ekki sjá neitt því til fyrirstöðu að reksturinn stækki áfram að umfangi. Framboðið af verkefnum sé meira heldur en hægt sé að sinna. „Ef við höldum áfram að geta haldið í okkar fólk og bætt enn frekar við okkur sé ég ekki neinar sérstakar hindranir í veginum. Við erum meðvitað að reyna að fjölga fólki með

erlend réttindi í starfsliði okkar. Þá getum við tekið stærri verkefni og keyrt þau frá A til Ö.“

Starfsumhverfið í London er ólíkt því sem tíðkast hér á landi. Skrifstofan er í hjarta City, fjármálaahverfis Lundúnaborgar. Stærri markaði fylgir harðari samkeppni um krafta þeirra færustu og launakröfur eftir því. Guðmundur segir



Starfsumhverfið æ alþjóðlegra

Katrín Helga Hallgrímsdóttir, einn eigenda BBA Legal sem nýverið opnaði útibú í London, segir helstu vandamál við útrásina af praktískum toga. Framandi lagaumhverfi sé engin fyrirstaða, enda lögmenn stofunnar alvanir breskum lögum, samningum og lögfræðingum.

BBA Legal opnaði fyrr á þessu ári útibú í London. Enn sem komið er er einungis einn starfsmaður á skrifstofunni í London, Rannveig Borg Sigurðardóttir forstöðumaður, en stefnt er að því að ráða fleiri til starfa á árinu.

Katrín Helga Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri BBA Legal og einn eigenda stofunnar, segir helstu vandamál in við að hefja starfsemi á erlendri grundu vera af praktískum toga. „Það kostar mikla vinnu að koma svona starfsemi í gang. Við þurfum að stofna félag og komast gegnum alla stjórnsýsluna. Þetta tekur nokkra mánuði en síðan tekur við nokkuð bein braut.“

BBA Legal hét áður Landwell, en opnun útibúsins í London var ein af ástæðum nafnbreytingarinnar. Landwell er nefnilega alþjóðleg keðja lögmannastofa og til að fyrirbyggja allan misskilning var nafninu breytt. „Við hefðum raunar ekki getað haldið gamla nafninu úti, þar sem fyrir var stofa með sama nafni. Samhliða nafnbreytingunni hefur síðan fylgt markaðssetning þar sem við höfum kynnt okkur undir hinu nýja nafni.“ Íslenskar endurskoðunarskrifstofur reka sig vænt-

anlega á sama vandamál þegar út er komið, enda heita þær margar hverjar eftir stórum alþjóðlegum fyrirtækjum; til að mynda KPMG, Deloitte & Touche og Pricewaterhouse Coopers.

Katrín Helga segir kunnahópin enn sem komið er aðallega vera stóru íslensku fjármála fyrirtækin en hins vegar færast í aukana að erlendar lögmanna stofur leiti til BBA þegar sérþekkingar á íslenskum lögum er krafist. „Okkar kunnahópur samanstendur fyrst og fremst af stóru íslensku kauphallarfélögum. Við höfum ekki verið mikið í því að aðstoða smærri íslensk fyrirtæki eða einstaklinga.“

Baldur Björn Haraldsson, einn eigendanna, er með frönsk málflutningsréttindi. Katrín Helga og Ásgeir Ragnarsson, sem einnig er í eigendahópnum, eru með lögmanna réttindi frá New York-riki í Bandaríkjunum. Þá situr Rannveig Borg Sigurðardóttir, forstöðumaður Lundúnaútibúsins, nú námskeið til öflunar breskra málflutningsréttinda.

BBA Legal sérhæfir sig hins vegar fyrst og fremst í fyrirtækjalögfræði, þar sem lítið er um málflutning af gamla skólanum. „Við erum fyrst og

fremst í fyrirtækjalögfræði. Þar liggur okkar styrkur, sem við byggjum ofan á. Eg tel hyggilegra að halda áfram að vaxa á því sviði en að breikka grundvöllinn yfir á önnur svið lögfræðinnar,“ segir Katrín Helga.

Hún segir lögfræðiumhverfið í Bretlandi ekki geta talist framandi. Hjá BBA Legal starfi fjölbreyttur hópur lögfræðinga með reynslu erlendis og auk þess hafi viðskiptiumhverfið hér heima orðið æ alþjóðlegra síðustu ár og fólk því vant að fást við breskar lagaflækjur. „Við erum búin að fást við breska samninga, bresk lög og breska lögfræðinga í mörg ár. Þetta er ekkert nýtt fyrir okkur.“

Fram undan er spennandi tíð hjá BBA Legal að mati Katrínar Helgu. Hún segir að næsta skref sé að fá breskan lögmenn til liðs við BBA í London. Þá sé valkostur að ganga til samstarfs við einhverjar erlendar stofur, líkt og Logos hefur gert. „Síðan er ætlunin að starfsmenn okkar hér á skrifstofunni heima dvelji í auknum mæli úti og aðstoði við uppbygginguna þar.“

Katrín Helga telur að íslenskar lögmanna stofur muni á næstu árum horfa í auk-



KATRÍN HELGA HALLGRÍMSDÓTTIR, LÖGMAÐUR OG EINN EIGENDA BBA LEGAL Íslensku útrásinni hafa fylgt aukin verkefni fyrir íslenska lögfræðinga á viðskiptasviðinu. Katrín Helga segir starfið mun alþjóðlegra en áður; íslenskir lögfræðingar sækja í auknum mæli út og hér starfi nú nokkrir erlendir lögfræðingar. Slíkt hafi þótt óhugsandi fyrir áratug.

um mæli út fyrir landsteinana. Hún bendir einnig á að á skrifstofu BBA Legal í Skógarhlíðinni starfi nú erlendir lögmáður en slíkt hefði þótt óhugsandi fyrir einungis tíu árum. „Það kæmi mér ekki á óvart að sjá íslenskar lögmanna stofur

sækja í auknum mæli til Bretlands og Norðurlandanna. Við erum að stíga fyrstu skrefin í útrásinni. Starfið verður sífellt alþjóðlegra og snýst ekki lengur bara um heimsóknir til sýslumanns og niður í héraðsdóm.“

- jsk



GUÐMUNDUR ODDSSON, FORSTÖÐUMAÐUR LOGOS Í LONDON Tungumálið er stærsti þröskuldur íslenskra lögfræðinga í útrásarhug. „Í lögfræðinni læra menn að takast á við vandamál. Síðan geta menn byggt ofan á þann grunn. Við erum heppin og höfum fengið að fljóta með útrásinni. Þannig höfum við náð að afla okkar fólk reynslu, sem er náttúrulega það sem mestu máli skiptir.“

tímagjaldið töluvert hærra en tíðkast á Íslandi, en bendir á að rekstrarkostnaður sé talsverður og vegi upp á móti. „Við réðum til að mynda konu frá einum keppinauta okkar ekki alls fyrir löngu. Þar var þjónusta hennar seld á 490 pund fyrir klukkustundina, en hér hjá okkur kostar tíminn hjá henni 250 og á þetta almennt við um það fólk sem við erum að ráða. Okkar taxi er þannig hærri en gengur og gerist á Íslandi, en líka talsvert lægri heldur en hér í London. Hagnaður af lögfræðifyrirtækjum í borginni er náttúrulega gríðarlegur, og munurinn liggur kannski í því að við erum ekki alveg nógu gráðug,“ segir Guðmundur glettinn.

Fregnir hafa borist af því að fleiri lögmanna stofur hyggist setja á laggirnar starfsstöðvar erlendis. Guðmundur telur ekkert því til fyrirstöðu. Hann tekur þó fram að mikil vinna liggja á baki. Nauðsynlegt sé að hafa traustan kunnahóp áður en lagt er af stað. „Þetta snýst samt um annað en bara að rífa sig upp og drífa sig af stað. Menn verða að

hafa gott fólk í kringum sig og geta boðið upp á þjónustu sem kunnarnir sækja í.“

TUNGUMÁLIÐ STÆRSTI ÞRÖSKULDURINN

Íslensku lögfræðingarnar í London eru allir sem einn með próf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Lagaumhverfið í Bretlandi er vissulega ólíkt því sem hér gerist, en Guðmundur segir það ekki koma að sök þar sem lögfræðimenntun sé í grunninn mjög góð. Þar læri menn ákveðin vinnubrögð sem gagnast við að leysa úr hinum margvíslegustu verkefnum. „Í lögfræðinni læra menn að takast á við vandamál. Síðan geta menn byggt ofan á þann grunn. Við erum heppin og höfum fengið að fljóta með útrásinni. Þannig höfum við náð að afla okkar fólk reynslu, sem er náttúrulega það sem mestu máli skiptir.“

Guðmundur telur íslenska lögfræðinga oft á tíðum með betri grunnmenntun heldur en erlendir kollegar þeirra. Tungumálið sé hins vegar stóri þröskuldurinn; eitt sé að vera góður í ensku og annað að geta tjáð sig á flóknu sér-

fræðingamáli lögfræðinnar. „Menn þurfa að vera nokkuð sleipir til að geta tjáð sig óhindrað og án fyrirvara. Síðan eru öll skjöl í þessu orðin miklu flóknari en þau þurfa að vera, svo menn þurfa að hafa náð góðum tökum á málinu til að geta leyst úr slíkum verkefnum.“

Hjá stórum erlendum fyrirtækjum vinna gjarnan stór lögfræðingateymi, þar sem hver og einn hefur sína sérhæfingu. Guðmundur segir ekki óalgennt að mæta tuttugu og fimm til þrjátíu manna lögfræðingateymi. Á Íslandi sé hins vegar venjan sú að menn vinni upp á eigin spýtur eða í litlum hópum. „Í stærri verkefnum höfum við fengið teymi frá öðrum stofum til liðs við okkur. Til þess að nefna dæmi þá eru til að mynda um það bil tuttugu og fimm lögmenn okkar megin borðsins við yfirtöku og fjármögnun kaupna á Actavis Group, sem eru stærstu einstöku viðskipti sem átt hafa sér stað á Íslandi. Lögfræðivinnunni hefur verið stjórnað af okkar héðan frá London.“

Hugsa sér til hreyfings

Alls starfa nú sex íslenskir lögfræðingar á vegum bankanna á erlendri grundu; þrír hjá Kaupþingi, tveir hjá Landsbankanum í Lúxemborg og einn hjá Glitni. Hjá öllum bönkunum starfa síðan lögfræðisvið þar sem viðfangsefnin eru oft af alþjóðlegum toga.

Einnig berast fregnir af því að enn fleiri lögmanna stofur hugsi sér til hreyfings og stefni að opnun erlendis. Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður og faglegur framkvæmdastjóri Lex lögmanna stofu, segist ekki geta staðfest neitt um að til standi að opna útibú frá stofunni erlendis en játar þó að slíkt mál séu í alvarlegri athugun. „Við sjáum klárlega markaðstækifæri þótt ekkert sé enn fast í hendi.“ segir Helgi og telur tækifærin helst fyrir hendi á Bretlandi og Norðurlöndunum. „Ég held að sú verði þróunin að íslenskir lögfræðingar horfi í auknum mæli út fyrir landsteinana. Þetta er eðlilegt framhald af útrásinni,“ sagði Helgi Jóhannesson.

- jsk



HRÚTURINN FYRIR UTAN HÓFUÐSTÖÐVAR KAUPÞINGS Í LONDON Alls starfa sex íslenskir lögmenn á vegum bankanna erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRGVÍN GUÐMUNDSSON

STARFSMANNAMÁL

Richard Branson aðferðin

Athafnamaðurinn breski Richard Branson var aðeins fjögurra ára gamall þegar móðir hans lét hann fara úr bílnum við akra nálægt heimili þeirra og sagði honum að reyna að rata heim. Móðir hans var sérstök að hans mati, hörd við Branson, en umfram allt vildi hún koma börnum sínum áfram. Hún vildi verða flugmaður en komst ekki inn í flugskóla sökum kyns. Hún klæddi sig því eins og karlmaður, breytti röddinni og komst inn í skólann. Branson átti í erfiðleikum með að lesa og skrifa lengi fram eftir aldri og þróaði eigin aðferð við að læra sem fólst í að muna alla hluti utan bókar. Þessi aðferð hentar honum mjög vel í dag, þrátt fyrir að fyrri lestrarerfiðleikar séu að baki.

Á eyjunni Makepeace Island við Ástralíustrendur sóla starfsmenn Richards Branson sig í fríum. Eyjan var keypt fyrir starfsmenn til að nota í frítíma, slappa af, fara í göngur, veiða eða bara sóla sig. Eyjan er líka notuð til verkefna- og fundavinnu meðal starfsfólks. Um 50.000 starfsmenn vinna hjá Branson um heim allan við framleiðslu farsíma, ferðaþjónustu, fjármálaþjónustu, útgáfu tónlistar og bókaútgáfu. Branson segist velja starfsfólk af kostgæfni og segir að allir starfsmenn fái að njóta hæfileika sinna til fulls

SPÁKAUPMAÐURINN

Sumarleyfið borgaði sig

Hún var skrýtin þessi utanlandsferð til Spánar. Í stað þess að liggja marineráður með tærnar upp í loft í steikjandi stiga hita þá lá ég í símanum. Bölváður tölvumaðurinn kom aldrei með mótdið þannig að síminn var eina vopnið sem ég hafði til þess að fylgjast með ævintýrlegum hækkunum á markaðnum í síðustu viku. Þótt mér hafi mistekist að vinna í tanninu þá borgaði ferðin sig margfalt upp.

Ekki nóg með það að hlutabréfin hækki óðfluga heldur er fasteignamarkaðurinn í miklu stuði. Hver hefði búist við því að hann ætti eftir að koma svo sterkur sem raun ber vitni? En auðvitað er margt sem hjálpar þar til: Fólksfjölgun, ekkert atvinnuleysi, sterk króna og fremur lágir vextir á húsnæðislaðnum í sögulegu ljósi.

Actavis-peningarnir koma inn á bankabækurnar í dag en ég held að þeir séu að stórum hluta komnir í vinnu. Þeir ættu þó að halda veislunni gangandi og spurning hvort fasteignamarkaðurinn njóti ekki góðs af þeim.


Ég tel að hlutabréfamarkaðurinn hafi tekið út sína mestu hækkun í bili og þarf helvíti góð uppgjör til að halda bönkunum í hæstu hæðum. En þar eru alltaf kaupaþækifæri. Ég tók stærri hlut í Atorku, enda fór orðrómur um að FL Group yfirtaki félagið á flug á ný. Mér finnst þó ólíklegt að Hannes kaupi Atorku. Sé frekar fyrir mér að Jarðboranir verði seldar til Geysis Green Energy eða jafnvel Hitaveitu Suðurnesja. Magnús Jónsson og félagar veðjuðu svo sannarlega á réttan hest þegar þeir tóku Jarðboranir yfir fyrir einu og hálfu ári síðan. Þeir fjárfestu í framtíðinni en ég lét mér nægja sögusagnir. Og mér finnst ekki leiðinlegt að taka inn fjórðungshækkun á einum mánuði.

Spákaupmaðurinn á horninu.

með miklu sjálfstæði. Hann segir að það taki sig aðeins mínútu að gera upp hug sinn varðandi fólk og hugmyndir og segist treysta á tilfinningu frekar en þykkar skýrslur um ný verkefni.

En hvað er það sem gerir Branson svona sérstakan og hvað er það í fari hans sem skapar slíka velgengni? Branson segir að það skipti mestu máli að hafa trú á sjálfum sér, trú á að allt sé mögulegt, lifa lífinu lifandi og gefast aldrei upp. Hann viðurkennir að sjálfur sæki hann í hættu og hefur gaman af því

að sigla yfir Atlants-hafið og fljúga um í loftbelg. Varðandi vinnu segir Branson að hugur hans sé sífellt að starfa. Þrátt fyrir það finnst honum mjög mikilvægt að slaka vel á og hann reynir að nýta tíma í flugvélum, lestum eða bílum til að ná sér í klukkutíma kríu líkt og Margaret Thatcher og Winston Churchill gerðu. Hann eyðir miklum tíma í sumarhúsi fjölskyldunnar í S-Afríku. Þar segist hann vinna í aðeins 15 mínútur á dag og af



þeim fimmtán mínútur nýtir hann hverja sekúndu. Branson leggur áherslu á að lifa í núinu og tekur sér til fyrirmyndar spænska listmálarann Salvador Dalí, sem vandi sig á það þegar hann varð lífsleiður að ganga um garðinn sinn við sjóinn. Þar leitaði hann uppi

fallegustu ferskjuna, virti fyrir sér glóandi hýðið, lyktaði af ferskjunni og lét anganina berast um vitin. Þá tók hann einn bita,

leyfði bragðlaukunum að taka við ferskum safanum um stund en hrækti svo út úr sér bitanum og henti ferskjunni í sjóinn. Það var augnablikið sem skipti hann mestu máli og var honum dýr-mætt, frekar en full karfa af ferskjum.

Heimild: Richard Branson: *Screw It, Let's Do It*. Virgin Books, 2006.

Sif Sigfús-dóttir, MA í mannaútsjórnun.



Gerum gott úr þessu

Árlega berst mikið af prentuðum pappír inn á heimilin í landinu en kosturinn er sá að hann má endurnýta. Leggjum okkar af mörkum fyrir náttúruna og skilum honum í næsta pappírsgám eða endurvinnslutunnu.

Gott til endurvinnslu

Strákarnir taka við af Sævari

Í nýjum eigendahópi Sævars Karls eru þrautreyndir starfsmenn verslunarinnar. Kaupverðið er um sex hundruð milljónir króna.

Hermann Hauksson og Axel Gomez, sem lengi hafa starfað í verslun Sævars Karls, eru meðal nýrra eigenda verslunarinnar og munu sjá um daglegan rekstur. Verslun Sævars er nú að sextíu prósentu hlut í eigu Vesturhafnar, eignarhaldsfélags Páls Kolbeinssonar, Hermanns, Axels og tengdra aðila. Fjörutíu prósentu hlutur er í eigu Arev N1, eignarhaldsfélags Jóns Scheving Thorsteinssonar.

„Við Axel berum sömu ábyrgð og sjáum um daglegan rekstur,“ segir Hermann Hauksson, einn nýrra eigenda verslunar Sævars Karls og starfsmaður til fjölda ára.

Hermann segir allar breytingar verða smávægilegar; til að mynda eigi að leggja enn meiri áherslu á kvenfatatísku og fót fyrir yngra fólk, auk þess sem stefnt sé að því að auka úrval fatnaðar frá ítalska framleiðandanum Prada. „Það er ekki hægt að bylta svona verslun. Reksturinn byggist á rótgrónu og viðkvæmu sambandi við okkar kúnna. Við munum halda merki Sævars á lofti. Hann verður okkur áfram innan handar og okkar mentor um ókomna tíð.“



HERMANN HAUKSSON, EINN NÝRRA EIGENDA VERSLUNAR SÆVARIS KARLS Axel Gomez og Hermann Hauksson sjá um daglegan rekstur verslunarinnar. Axel er nú í Milanó, þar sem hann treystir böndin við birgja. MARKAÐURINN/ANTON

Samkvæmt heimildum Markaðarins kostaði verslun Sævars um sex hundruð milljónir króna. Hermann segir þær hugmynd-

ir ekki endilega fjarri lagi, en tekur þó fram að húsnæðið hafi verið dýrara en reksturinn.

- jsk



SAUÐÁRKRÓKUR Nái markmið Gagnaveitu Skagafjarðar fram að ganga verður Sauðárkrókur að fullu ljósleiðaravæddur árið 2009.

Sauðárkrókur ljósleiðaravæddur

Nái markmið Gagnaveitu Skagafjarðar fram að ganga verður Sauðárkrókur að fullu ljósleiðaravæddur árið 2009. Í fréttatilkynningu frá Gagnaveitunni segir að Sauðárkróki hafi verið skipt upp í fjögur verksvæði í drögum að framkvæmdaáætlun; Túnahverfi, Hlíðahverfi, syðri-bæ og útbæ. Hafist verði handa við Túnahverfi í sumar og áætlað að þar verði öll hús tengd í haust. Því næst verði hald-ið í Hlíðahverfi, þá syðri-bæinn og loks útbæinn. Ekki verður látið staðar numið við Krókinn heldur ljósleiðarar lagðir víðar í þéttbýli, eftir því sem aðstæð-

ur skapast. Þá er ætlunin að taka þátt í uppbyggingu á háhraðatengingum í dreifbýli Skagafjarðar.

Gagnaveita Skagafjarðar ætlar aðeins að reka ljósleiðaranetið og selja aðgang að því fyrir fasta mánaðarlega upphæð. Aðrir aðilar munu veita þjónustu inn á kerfið, svo sem hefðbundna internetþjónustu, sjónvarpsdreifingu og símaþjónustu.

Gagnaveitan var stofnuð árið 2006. Eigendur hennar eru Sveitarfélagið Skagafjörður, Skagafjarðarveitur, Kaupfélag Skagfirðinga, Bygðastofnun, Fjölnet og smærri aðilar.

- hhs

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR



Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum **15,0%*** ávöxtun í evrum **4,7%*** ávöxtun í dollurum **5,3%*** ávöxtun í pundum **5,7%***

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma **444 7000**

*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/05/07 - 30/06/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útibúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

KAUPÞING



FLÓÐ Í BRETLANDI Flóðin í Englandi munu kosta bresk tryggingafélög tvo milljarða punda, um 245 milljarða króna.

Dýrkeypt flóð

Flóðin í Englandi munu verða breskum tryggingafélögum dýrkeypt. Samkvæmt frétt á vef BBC mun kostnaðurinn sem fellur á þau vegna flóðanna í júní og júlí ekki verða undir tveimur milljörðum punda. Það nemur um 245 milljörðum íslenskra króna.

Í fréttinni er haft eftir tals-

manni samtaka breskra tryggingafélaga að árið verði fyrir vikið að líkindum dýrasta ár í sögu breskra tryggingafélaga.

Allar línur tryggingafélaganna hafa verið rauðglóandi að undanfögnu, enda hafa þúsundir heimila orðið fyrir skemmdum í Mið- og Vestur-Englandi.

- hhs

FÓLK Á FERLI

GUÐMUNDUR HÓLM GUÐMUNDSSON hefur verið ráðinn svæðisstjóri Mílu á Norðurlandi. Guðmundur hefur starfað hjá Símanum til margra ára, lengst af sem rafeindavirki - útlands-símtöl. Hann hefur einnig starfað hjá Símanum sem símsmiður og línumaður. Guðmundur starfaði sem kerfisstjóri hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands frá 2001 til 2003. Guðmundur er að ljúka rafiðnfræði frá Háskólanum í Reykjavík en auk þess er hann með meistarabréf í rafeindavirkjun og símsmiði.

BJÖRN INGI JÓNSSON hefur verið ráðinn svæðisstjóri Mílu á Austurlandi. Björn Ingi starfaði áður sem kerfisfræðingur hjá Hátíðni og þar áður starfaði hann sem þjónustustjóri hjá Pósti og Síma á Höfn í Hornafirði. Björn Ingi hefur nýlökkið námi í rafmagnsiðnfræði frá Háskólanum í Reykjavík en hann er einnig með meistaragráðu í rafeindavirkjun.

ÓSKAR INGMUNDARSON hefur verið ráðinn deildarstjóri yfir rekstri strengjakerfa á Suður- og Vesturlandi. Hann hefur lengst af starfað hjá Símanum, síðast sem verkefnastjóri allra jarðsímategninga á höfuðborgarsvæðinu. Þar áður starfaði hann sem tækniulltrúi og einnig sem símsmiður og línumaður. Óskar hefur lokið Stjórnunarskóla Símans og stundað ýmis fagnámskeið. Hann lauk Símsmiðameistaraprófi 1986. Óskar hefur verið formaður í Félagi símsmiða hjá Félagi íslenskra símamanna.

JÓHANN STYRMIR SOPHUSSON hefur verið ráðinn deildarstjóri uppsetninga hjá Mílu. Jóhann hefur lengst af starfað hjá Símanum, nú síðast sem hópstjóri viðgerðarþjónustu, og þar á undan starfaði hann við faglegt eftirlit aðgangsnets Símans. Einnig hefur Jóhann starfað við breiðbandskerfi Símans og sem rafeindavirki í línuveild Símans. Jóhann lauk námi í rafeindavirkjun frá lönskólanum í Reykjavík árið 2001.

Samkenndin er ótrúlega sterk enda mjög margir sem eiga von á sér.



HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

SYN2
enski boltinn



ÚLF VERÐLAUNAÐUR
Samtök evrópskra verðbréfa-
markaða veittu nýverið Úlf
Viðari Nielssyni, doktorsnema
við Columbia-háskóla í New
York, verðlaun fyrir doktorsverk-
efni sitt. Á myndinni eru auk
Úlfs þeir Jukka Ruuska, forseti
FESE og forstjóri OMX Nordic
Exchange, og Richard Meier,
fyrrum framkvæmdastjóri SWX
Group, fyrir hönd dómnefndar.

Ekki hagnast allir á kauphallasamrunum

Aukin samþjöppun meðal kauphalla hefur engin áhrif á seljanleika hlutabréfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Til þess benda niðurstöður doktorsnemans Úlfs Viðars Nielssonar, sem nýverið hlaut virt verðlaun Samtaka evrópskra verðbréfafyrirtækja fyrir doktorsverkefni sitt.

Úlf Viðar Nielsson, doktorsnemi í hagfræði við Columbia-háskóla í New York, fékk fyrr í þessum mánuði góða staðfestingu á ágæti rannsóknarvinnu sinnar. Þá veittu Samtök evrópskra verðbréfa-markaða (FESE) honum verðlaun fyrir annan hluta doktorsverkefnis síns. Ritgerðin fjallar um samruna kauphalla og áhrif þeirra á seljanleika hlutabréfa félaga skráðra í kauphöllum. Dómnefndinni þótti umfjöllunarefni ritgerðarinnar bæði frumlegt og gagnlegt fyrir atvinnugreinina.

Á undanförunum árum hefur mikil samþjöppun átt sér stað meðal kauphalla í heiminum. Mikill fjöldi samruna varð til þess að Úlf ákvað að rannsaka þessi mál frekar í doktorsverkefni sínu. „Það er alveg ljóst að kauphallirnar sjálfar spara heilmikið á samþættingunni, meðal annars með því að sameina viðskiptakerfi sín. Hagnaður þeirra hefur aukist í takt við aukna samþjöppun. Mig langaði að athuga hvaða áhrif þetta hefur á skráðu félögin.“

Rannsóknin tók mið af Euronext-kauphöllum í Amsterdam, Brussel, París og Lissabon sem hófu formlega samþættingu sína um síðustu aldamót. „Ég hafði sérstakan áhuga á að skoða seljanleika (liquidity) hlutabréfa, hvort magn viðskipta með bréf skráðra félaga hafi aukist eða ekki. Fyrirtæki geta aflað meiri tekna á hlutabréfamarkaði ef seljanleiki þeirra er mikill, þess vegna er hann skráður félögum mjög mikilvægur.“

AUKINN SELJANLEIKI EKKI VÍS

Við sameiningu kauphalla stækka markaðir og mögulegir fjárfestar verða fleiri. Al-

mennt er því gert ráð fyrir að seljanleiki aukist við samruna kauphalla. Úlf skoðaði gögn um fimmtán hundruð fyrirtæki á bilinu 1996 til 2006. Niðurstöður hans koma á óvart. Seljanleiki stórra félaga jókst, svo og félaga með sölu erlendis eða erlendar eignir. Hins vegar er engin marktæk breyting í seljanleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem eingöngu eru starfrækt á heimamarkaði. „Það er mikilvægt að taka fram að fyrirtækin hafa ekki tapað á samrunanum. Fimmtíu prósent þeirra fyrirtækja sem ég skoðaði hjá Euronext eru útflytjendur, svo þetta hefur töluverð áhrif á stóran hluta úrtaksins. Hins vegar er stór hópur af fyrirtækjum sem græðir ekki á honum. Þetta er sérstaklega áhugavert í ljósi þess að þegar kauphallir auglýsa samruna er oft lögð mikil áhersla á að þeir séu sérstaklega hagstæðir litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Það má því segja að samrunar kauphalla séu ekki endilega sú glansmynd sem kauphallirnar sjálfar vilja láta í veðri vaka.“

MARGT LÍKT MEÐ OMX OG EURONEXT

Úlf segir erfitt að heimfæra dæmið um Euronext yfir á aðra evrópska markaði. Margt sé þó líkt með samrunaferlum OMX og Euronext. Hins vegar sé einn stór grundvallarmunur. OMX hefur ekki sameinað uppgjörshlið viðskipta sinna og er því ekki jafnsamþætt fyrir vikið. „Það er mjög auðvelt að færa fyrir því rök að þetta sé mikilvægur þáttur til þess að jákvæð áhrif samruna njóti sín,“ segir hann. Þetta þýðir að uppgjör viðskipta innan kauphallanna fer enn fram hjá mismunandi stofnunum aðildarlandanna. Flækju-

stigið hjá OMX er því meira, sem er líklegra til að gera fjárfestum erfiðara um vik í viðskiptum í öðrum OMX-kauphöllum en í eigin landi. „Að öllu öðru leyti eru samrunarnir mjög líkir og ekki ástæða til að ætla að áhrifin verði öðruvísi fyrir fyrirtæki innan OMX-kauphallanna en hjá Euronext. Ég myndi því áætla að stærstu íslensku félögin og þau með erlenda starfsemi njóti góðs af samrunanum við OMX. Ég sé hins vegar ekki fyrir mér að hin félögin geri það sérstaklega.“ Miðað við Evrópu myndu flest skráð íslensk félög teljast lítil eða meðalstór. Þau hafa hins vegar mörg töluverða starfsemi erlendis og ættu því samkvæmt niðurstöðum Úlfs að njóta góðs af samrunanum.

KAUPHALLIRNAR FYLGJAST EKKI AÐ

Norrænu markaðirnir hafa ekki orðið úttundan í doktorsverkefni Úlfs. Í fyrsta hluta þess skoðaði hann úrvalsvisitölur landanna í OMX, norrænu kauphallanna og Eystrasaltslandanna. Hann rannsakaði meðal annars hvort sjókk í einni vísitölu hefði áhrif á aðrar. Með gögn fyrir árin 1996 til 2006 skoðaði hann langtímaleitni þeirra, hvort þær hreyfðust meira saman en áður. „Í stuttu máli sagt fann ég engar vísbendingar um að meiri samþætting væri á markaðnum en var áður, þrátt fyrir að OMX hafi orðið til og reglugerðir og annað samræmt samhliða því. Það er ekki að sjá að markaðirnir séu háðari hver öðrum nú en fyrir tíu árum.“ Úlf segir að það hafi komi á óvart að hversu litlu leyti kauphallirnar fylgist að. „Á tveimur til þremur af þeim sjö mörkuðum sem ég skoðaði má þó segja að eitthvert sam-

band sé á milli til langs tíma. Með þeim tölfræðilegu aðferðum sem ég nota get ég ekki séð nákvæmlega hvaða markaðir það eru en það eru líklega Svíþjóð, Danmörk og Finnland. En það eru engin skammtimatensl á milli markaðanna.“

VERÐLAUNIN SÍST PENINGALEG

Úlf fékk fimm þúsund evrur, um 410 þúsund krónur, í verðlaun frá Samtökum evrópskra verðbréfamarkaða. Stærstu verðlaunin segir hann þó hafa verið auglýsinguna sem hann fékk fyrir vikið. Hún hafi opnað honum ýmsar dyr og tengslanetið byggst hratt upp. Meðal annars hafi honum boðist að halda málstofu fyrir eina af undirstofnunum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Undanfarinn mánuð hefur Úlf verið við störf á óháðri rannsóknarstofnun í Brussel þar sem hann hefur fengið aðgang að sérdeild sem stendur fyrir rannsóknum á samþættingu evrópskra fjármálamarkaða. Þar hefur hann víðað að sér heimildum fyrir næsta kafla doktorsritgerðar sinnar. Sá kafla mun líka á einhvern hátt fjalla um samþættingu evrópskra fjármálamarkaða. Hugmyndin sem hann er með í smíðum er ekki ólíklegri en hinar fyrri tvær til að vekja athygli. „Ég hef verið að skoða fjölda viðskipta á mörkuðum. Núna langar mig til að kafa dýpra í hverjir það eru sem eiga bréfin. Mig langar að skoða hvaða fjárfestar það eru sem hafa aukið eignir sínar erlendis með aukinni samþættingu í Evrópu. Er það heimilin eða fyrst og fremst bankar, fjármála-fyrirtæki og verðbréfasjóðir sem leiða þessa þróun?“



Bylgjan á puttanum um landið í sumar

BYLGJAN
989

Dagskrá og nánari upplýsingar á bylgjan.is

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

www.icelandicmusic.is

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) tók nýverið í gildi vefinn www.icelandicmusic.is sem ætlað er að veita upplýsingar um íslenskt tónlistarlíf.

Þegar hefur fjöldi listamanna skráð upplýsingar um sig á vefinn, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Þeim sem vilja senda inn upplýsingar er þar jafnframt bent á að það megi gera á vefsíðunni undir hlekknum www.icelandicmusic/form.aspx.

Paul Sullivan, sem meðal annars hefur skrifað fyrir fjölda alþjóðlegra tónlistartímarita og skrifaði bókina Waking up in Iceland, hefur verið ráðinn ritstjóri vefsíðunnar. Hann mun sjá um efnisöflun og greinaskrif samhliða því að ritstýra aðsendu efni.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir,



ÍSLENSKA SVEITIN JAKOBÍNARÍNA Á nýjum vef ÚTÓNS, www.icelandicmusic.is, má nálgast ýmsar upplýsingar um íslenskt tónlistarlíf.

framkvæmdastjóri ÚTÓNS, er þess fullviss að vefurinn verði öflugt kynningartæki fyrir íslenskt tónlistarlíf. „Við erum að temja okkur ákveðna nálgun í kynningum og erum með mjög sterkan og samrýmdan hóp sem

vinnur vel. Nú er tímabil þar sem við erum að prufukeyra vefinn og við hlökkum til að fá uppbyggilegar ábendingar frá þeim sem láta útflutning á íslenskt tónlist til sín taka,“ er eftir henni haft í tilkynningunni.

- hhs

Glasilegir skartgripir



GEORG JENSEN



Franch Michelsen

ÚRSMÍÐAMEISTARI

LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

BANKAHÓLFID



Eftirlit flytur í bankahverfi

Samkeppniseftirlitið hefur flutt starfsemi sína um set í höfuðborginni, frá Rauðarárstíg 10 þar sem stofnunin hefur verið til húsa frá stofnun fyrir tveimur árum yfir í nýjar skrifstofur á annari hæð í glæsilegu skrifstofuhúsnæði við Borgartún 26. Eftirlitið hóf starfsemi sína á Rauðarárstígnum í húsnæði sem Samkeppnisstofnun og Verðlagsstofnun höfðu áður til umráða. Húsnæðið þótti óhentugt og var því ákveðið að finna stofnuninni nýjan stað og hlýtur að vera vel við hæfi að sá staður sé á „Wall Street“ Íslands, fjármálhverfinu í Borgartúni. Svo er líka blússandi samkeppni um húsnæði á þessum slóðum.

Landið er ei lengur eyland

Í nýjasta hefti Vísbandingar er fjallað um þróun alþjóðavíðskipta hér á landi. Hann bendir á að á tuttugustu öldinni hafi, þótt landið væri alþjóðlegt viðskiptaland, verið lítið sem ekkert inn- og ústreymi fjárfestinga. „Á þeim vettvangi var Ísland eyland,“ segir í Vísbandingu. Samanburður úr talnasafni OECD sýnir hins vegar að ný öld hafi táknað nýja tíma þar sem inn- og ústreymi fjárfestinga tók stökkbreytingum. Innflæði beinna erlendra fjárfestinga nam í fyrra 24 prósentum af vergri landsframleiðslu og útflæði 47 prósentum, sem er sagt mun hærra hlutfall en hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. „Með öðrum orðum, Ísland er ekkert eyland lengur.“

Nýja nafngift, takk

OMX Iceland 15, úrvalsvísitala Kauphallar Íslands sem áður hét ICEX-15, ber ekki lengur nafn með rentu í kjölfar afskráningar Actavis, því einungis eru þrettán félög eftir í vísitölunni. Actavis er annað félagið sem hverfur úr vísitölunni á árinu, en áður höfðu 365 Miðlar horfið á braut eftir að ljóst varð að félagið uppfyllti ekki lengur skilyrði til að teljast hluti af vísitölunni. Þá er einungis tímaspursmál hvernær yfirtöku Baugs á Mosaic Fashions lýkur, og því ljóst að brátt verða einungis tólf félög eftir í vísitölunni. Af því tilefni er spurt hvort ekki þurfi að huga að nýrri nafngift á vísitöluna?

54% stjórnenda stærri íslenskra fyrirtækja telja líklegt að viðkomandi fyrirtæki komi að yfirtöku eða samruna á næstu tólf mánuðum.

55.000 tonna kæli- og frystigeymsla sem Eimskip hefur gert samning um að reka í Qingdao-höfn í Kína. Geymslan verður sú stærsta sinnar tegundar í Kína.

20% aukning tekna Nýherja á öðrum ársfjórðungi. Þær námu 2.637,3 milljónum króna og hagnaðurinn 102,5 milljónum króna.



THULE[®]

SWEDEN

Upplifðu Ísland með Thule ferðavörum

Ferðabox verð frá 24.900,-




Allar upplýsingar um **THULE** ferðaboxin er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnigata 1, 600 Akureyri | Eyravegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000



Fljúgum hærra!



SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

75 ára | **spron**
VERDBRÉF

*Nafnvöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsinga má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.